

## Fylgiskjal 1

### VÍDAUKI II

Notkun á blýi, kvikasilfri, kadmíum, sexgildu krómi, fjölbrombífenýla (PBB) eða fjölbromdífénýletera (PBDE) sem undanþegið er banni samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar.

1. Kvikasilfur í samþjöppuðum flúrlömpum í magni jafnt eða lægra en 5 mg á hverja flúrperu.
2. Kvikasilfur í aflöngum flúrlömpum til almennra nota með magni jafnt eða lægra en eftirtalið í hverjum lampa:
  - halógenfosfót 10 mg
  - trifosfót með eðlilegan líftíma 8 mg
  - trifosfót með langan líftíma 5 mg
3. Kvikasilfur í aflöngum flúrlömpum til sértækra nota.
4. Kvikasilfur í öðrum lömpum sem ekki eru sérstaklega tilgreindir í þessum viðauka.
5. Blý í gleri katóðum myndlampa, rafrásarhlutum og flúrlamparörum.
6. Kvikasilfur sem málmbundi í:
  - stál, 0,35% þyngdarhlutfall af blýi,
  - ál, 0,4% þyngdarhlutfall af blýi,
  - kopar, 4% þyngdarhlutfall af blýi.
7. Blý í:
  - lóðmálmi með hátt bræðslumark (t.d. blýblendi sem er yfir 85% blý miðað við þyngd),
  - lóðmálmi fyrir netþjóna og gagnageymslusvæði netþjóna,
  - lóðmálmi fyrir grunnnetkerfi fyrir rofa, merkjakerfi, sendingar sem og netstjórnun fjaraskipta,
  - keramik rafeindahlutum, t.d. þrýstirafeindahlutum (piezo).
8. Kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum og kadmíumhúð, að undanskilinni notkun sem er bönnuð samkvæmt reglugerð um notkun og bann við notkun kadmíums og efnasambanda þess.
9. Sexgilt króm sem tæringarvörn í stálkælierfum ísogskæla.
10. a) Dekabromdífénýleter (DecaBDE) í fjölliðu efni.  
b) Blý í legubökkum og -fóðringum úr blýbronsi
11. Blý sem er notað í tengikerfi með sveigjanlegum pinnum.
12. Blý sem er notað sem húðunarefni fyrir opna (c-laga) hringa í varmaleiðandi einingum.
13. Blý og kadmíum í ljóstæknigleri og glersíum
14. Blý í lóðningarefni, gerðu úr fleiri en tveimur frumefnum, sem er notað til tengingar pinna við örgejörvastaflann og hlutfall blýsins er yfir 80% og undir 85% miðað við þyngd.
15. Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum („flip-chip“).
16. Blý í silfkathíðuðum, aflöngum glóperum.
17. Blýhalíð sem er notað sem geislunarefni í hástyrksúrhleðslulampa (HID) sem fagmenn í eftirkuljósmyndun nota.
18. Blý sem er efnahvati í flúrljómandi dufti (hámark blýs: 1% miðað við þyngd) í úrhleðslulömpum sem eru notaðir sem sólarlampar og innihalda fosfór, svo sem BSP (BaSi<sub>2</sub>O<sub>5</sub>:Pb), eða notaðir sem sérhæfðir lampar sem og innihalda fosfór, svo sem SMS ((Sr,Ba)<sub>2</sub>MgSi<sub>2</sub>O<sub>7</sub>:Pb), og eru notaðir við eftirkuljósmyndun (díásóprendun), við steinþrykk, í skordýragildrum og í ljósefnafræðilegum ferlum og þurrkunarferlum.
19. Blý með PbBiSn-Hg og PbInSn-Hg í sérstökum samsetningum sem meginamalgam og með PbSn-Hg sem hjálparamalgam í mjög fyrirferðarlitlum, orkusparandi lömpum (ESL).
20. Blýoxið í gleri sem er notað til að festa saman glerskífurnar sem mynda fram- og bakhlið í flötum flúrlömpum sem eru notaðir í vökvakristalsskjái (LCD).